

ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Útlendingur og óviti Um *Útlendinginn* eftir Albert Camus og *Söguna um gralinn* eftir Chrétien de Troyes

### I

Árið 2010 var hálf öld liðin frá því að franskri rithöfundurinn frá Alsír Albert Camus féll frá. Þessa fræga og umdeilda höfundar var þá víða minnst og verk hans lesin og endurlesin. Camus hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1957 og er þekktastur fyrir skáldsögurnar þrjár *Útlendinginn*, *Pláguna* og *Fallið* þótt hann hafi einnig samið leikrit, smásögur og ritgerðir.<sup>1</sup> Camus leit fyrst og fremst á sig sem rithöfund og *Útlendingurinn*, sem kom út árið 1942 og var fyrsta útgefna skáldsaga hans, vakti strax mikla athygli og er nú talin til merkustu skáldverka 20. aldar. Þar segir Camus frá morði og réttarhöldum á þann hátt að lesendur – að minnsta kosti sumir þeirra – fyllast samúð með morðingjanum og finnst sekt hans léttvæg. Öðrum bregður við óvenjulegt skeytingarleysi söguhetjunnar í garð annarra, ekki aðeins fórnarlambins heldur einnig nánna vina og ættingja. Í lok verksins situr söguhetjan í klefa sínum í fangels-

---

1 Skáldsögur Alberts Camus eru vel þekktar á Íslandi. *Plágan* sem Camus sendi frá sér árið 1947 kom út á íslensku fimm árum síðar í þýðingu Jóns Óskars (1952), en *Útlendingurinn* sem kom út í París árið 1942 og Bjarni Benediktsson frá Hofteigi þýddi, og *Fallið* sem er frá 1956 og Loftur Guðmundsson þýddi, komu út sama ár, 1961. Skáldsagan *Útlendingurinn* var síðar endurbýdd og kom út í tvímála þýðingu, franskri og íslenskrí, árið 2008. Allar tilvitnanir í verkið eru í þá útgáfu: Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, þýð. Ásdís R. Magnúsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum/Háskólaútgáfan, 2008. Tvær smásögur úr smásagnasafninu *L'Exile et le Royaume* (Útleugin og konungsríkið) eru til í íslenskrí þýðingu Jóns Óskars: „Gesturinn“ og „Þöglir menn“. Ritgerðir Alberts Camus, leikrit og aðrir textar hafa ekki verið þýdd og bíða þau verkefni áhugasamra þýðenda.

inu, bíður aftöku og lýsir því yfir að ekkert skipti máli. Afstaða Meursault til lífsins gerir hann að „útlendingi“ í augum annarra sögupersóna verksins. Hér verður leitast við að draga fram hvað felst í því að vera „útlendingur“ í skáldsögu Camus og bent á tengsl hennar við önnur skáldverk og „útlendinga“ í þeim verkum. Einkum verður staldrað við samanburð á *Útlendingnum* og *Sögunni um gralinn* eftir Chrétien de Troyes og grafist fyrir um skyldleika skrifstofumannsins Meursault og hins fávísa riddara Perceval.

## II

Skáldsagan *Útlendingurinn* skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta verksins segir skrifstofumaðurinn Meursault frá lífi sínu. Hann bíður um frí úr vinnunni til að vera við jarðarför móður sinnar sem dvalið hefur á elliheimili síðustu ár ævinnar. Daginn eftir jarðarförina hefur hann ástarsamband við fyrrverandi samstarfskonu sína, Marie, sem hann hittir á baðstað við höfnina og fer svo með henni í bíó. Dag einn býður Raymond, nágrenni Meursault, þeim að eyða sunnudegi í húsi við ströndina. Þar hitta þau araba sem Raymond á í útistöðum við og Raymond særast. Stuttu síðar er Meursault einn á ströndinni og hittir fyrir tilviljun arabann sem hafði sært nágrenna hans. Arabinn dregur hníf upp úr vasa sínum og Meursault skýtur hann með byssu Raymonds, einu skoti, síðan fjórum til viðbótar. Þau skot hljóma eins og „fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar“ og hér lýkur fyrri hluta verksins. Í síðari hlutanum segir frá dvöl Meursault innan veggja fangelsisins, yfirheyrslum og málaferlum þar sem þeim atburðum sem gerast í fyrri hlutanum er lýst á ný, en nú frá sjónarhóli annarra. Meursault hefur lítið til málanna að leggja, svarar af hreinskilni þegar hann er spurður en stendur að mestu fyrir utan umræður sem lúta að hans eigin gjörðum, tilveru og ásetningi. Skeytingarleysi hans misbýður réttinum og hann er dæmdur til dauða. Hann hafnar flóttaleiðum trúarinnar sem prestur reynir að beina honum inn á og í lok verksins er ást hans á lífinu dregin fram.

Meursault er semsagt „útlendingurinn“ sem verkið er kennt við og það er við hæfi að staldra fyrst við franska heiti skáldsögunnar,

nafnorðið *étranger* sem Camus valdi að lokum sem titil verksins. Franska orðið *étranger* er bæði lýsingarorð og nafnorð, náskylt orðinu *étrange* (úr lat. *extraneus*), og er merkingarsvið þess mun breiðara en íslensku orðanna „útlendingur“ og „útlenskur“ eins og sjá má í orðabókum. Í *Íslenskri orðabók* er orðið útlendingur skilgreint á eftirfarandi hátt: „maður í eða úr öðru landi“.<sup>2</sup> Samkvæmt *Frönsk-íslenskri orðabók* þýðir nafnorðið *étranger* ‘útlendingur’, ‘ókunnugur/utanaðkomandi maður’, og með ákveðnum greini, ‘útlönd’, ‘útlendingar’, ‘óvinabjóð’.<sup>3</sup>

Í vefútgáfu frönsk-frönsku orðabókarinnar *Trésor de la langue française* (Fjárslóður franskrar tungu) er skilgreining orðsins mun lengri og eru helstu þættir hennar svohljóðandi:

- 1 a – sá sem er frá öðru landi, af öðru þjóðerni eða án þjóðernis (í merkingunni að vera frá öðru landi, af öðru þjóðerni)  
b – sá sem er ókunnugur einhverjum stað, sem tilheyrir ekki ákveðnum hópi
- 2 a – sá sem er ókunnugur einhverjum, sem hefur engin tengsl við hann, sem er illa þekktur af e-m  
b – sá sem hefur ekki tengsl við eitthvað, sem lætur eitthvað afskiptalaust, hefur ekki veður af e-u  
c – sá sem ekki veit hvar hann stendur gagnvart sjálfum sér, lífinu, því sem umkringir hann; sá sem finnst ekkert tengjast sjálfum sér.<sup>4</sup>

Með þessa merkingu í huga skrifar Simone de Beauvoir í sinni fyrstu heimspekiritgerð *Pyrrhus et Cynéas*: „honum [útlendingi Alberts Camus] finnst heimurinn allur framandi [*étranger*] og sér óviðkomandi [*étranger*].“<sup>5</sup>

En hvernig notar Camus sjálfur þetta orð? Því bregður fyrir í mörgum verka hans, til dæmis í fyrsta útgefna riti höfundarins

2 „útlendingur“, *Íslensk orðabók*, ritstj. Árni Böðvarsson, Reykjavík: Mál og menning, 2. útgáfa, 1996, bls. 1103.

3 „étranger“, *Frönsk-íslensk orðabók*, ritstj. Þór Stefánsson, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1995, bls. 434.

4 *Le Trésor de la Langue Française informatisé*, <http://atilf.atilf.fr/dendien/scripts/tlfiv5/visusel.exe?11;s=2657179050;r=1;nat=-;sol=0> [sótt 4. október 2011]. Greinarhöfundur þýddi.

5 Simone de Beauvoir, *Pyrrhus et Cinéas*, París: Gallimard, 1944, bls. 14.

*L'Envers et l'Endroit* (Rangan og réttan) sem samið var á árunum 1935–1937 og kom út í Algeirsborg árið 1937. Í fyrsta textanum, sem ber heitið „L'Ironie“ (Kaldhæðnin), segir frá gamalli konu sem bíður dauðans, vansæl og misskilin af sínum nánustu:

Fyrir tveimur árum kynntist ég gamalli konu. Hún var svo illa haldin af sjúkdómi að hún hafði þá þegar búist við dauða sínum. Hægri hluti líkama hennar var lamaður. Aðeins helmingur hennar var í þessum heimi, hinn helmingurinn var þegar orðinn henni framandi [*étranger*]. Þessi líflega og málgefna gamla kona gat nú hvorki hreyft sig né talað.<sup>6</sup>

Í minnisbókum sínum – *Carnets* – lýsir Camus líðan sinni í París í marsmánuði árið 1940 er hann vaknar upp um miðja nótt:

Hvað merkir það að hrökkva upp af svefni – í þessu dimma herbergi – við hávaðann í borg sem er mér skyndilega framandi [*étrangere*]? Og allt er mér framandi [*étranger*], allt, því enginn tilheyrir mér og ég hef engan stað þar sem ég get lokað þessu sári. Hvað er ég að gera hér, til hvers er þetta látbragð, þessi bros? Ég er ekki héðan – heldur ekki annars staðar frá. Og heimurinn er ekki annað en ókunnugt landslag þar sem hjarta mitt finnur engan stuðning. Framandi [*Étranger*], hver getur vitað hvað þetta orð merkir?

–

Framandi [*étranger*], játa að allt er mér framandi [*étranger*].  
[...]<sup>7</sup>

Í ritgerð sinni um Sísýfosargöðsögnina, *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde*, sem kom út sama ár og *Útlendingurinn* er orðið *étranger* notað til að lýsa mannlegri tilvist í þöglum heimi: „Ef hægt er að útskýra heiminn, þótt með slæmum rökum sé, þá er hann kunnuglegur. Sé heimurinn hins vegar skyndilega sviptur blekkingu og birtu líður manningnum eins og hann sé útlendingur [*étranger*].“<sup>8</sup> Og þessi tilfinning einkennir einnig samband mannsins við sjálfan sig:

6 Albert Camus, „L'Ironie“, *L'Envers et l'Endroit, Œuvres complètes*, París: Gallimard, 1. bindi, 2006, bls. 39. Allar þýðingar á textabrotum eftir Camus í greininni eru gerðar af greinarhöfundi.

7 Albert Camus, *Carnets 1935–1948, Œuvres complètes*, París: Gallimard, 2006, Cahier III (avril 1939-février 1942), 2. bindi, bls. 906.

8 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde*, París: Gallimard, 1942, bls. 20.

„Milli vissunnar sem ég hef um tilvist mína og innihaldsins sem ég reyni að gæða þessa vissu er gjá sem verður aldrei brúuð. Ég verð ævinlega útlendingur [*étranger*] andspænis sjálfum mér.“<sup>9</sup>

Í skáldsögunni *Útlendingurinn* er orðið *étranger* aðeins notað við réttarhöldin þegar saksóknarinn gerir mikið úr því að Meursault hafi drukkið kaffibolla sem húsvörður elliheimilisins bauð honum og reykt sígarettu við kistu móður sinnar. Hann lýsir því yfir að óskyldur maður, *étranger*, hafi getað boðið upp á kaffi en að sonur hefði átt að afþakka slíkt boð við lík móður sinnar.<sup>10</sup> Hér vísar saksóknarinn til húsvarðarins en ekki aðalsöguhetjunnar; Meursault er „útlendingurinn“ í verkinu, en þó ekki; það er framkoma hans sem gerir hann framandi eða óvenjulegan í augum annarra sögupersóna þótt hann sé að flestu leyti afskaplega venjulegur maður.

### III

Við erum nú ýmsu nær um merkingu orðsins *étranger* og um leið meðvituð um að íslensk þýðing orðins er á margan hátt ófullnægjandi. Hefðin hefur þó skapað henni þann sess að næsta óhugsandi er að hrófla við heiti verksins. *Étranger* getur þýtt „útlendingur“ en þótt Meursault beri franskt nafn og sé því á vissan hátt útlendingur í Alsír, sem var frönsk nýlenda frá 1830–1962, virðist það ekki vera sá skilningur sem höfundurinn leggur í titilinn.<sup>11</sup> Í inngangi að enskri þýðingu verksins frá 1955 dregur höfundurinn saman efni þess í einni setningu: „Sá sem ekki grætur við jarðarför móður sinnar í samfélagi okkar á það á hættu að vera dæmdur til dauða.“<sup>12</sup> Svo bætir hann við:

Ég átti einungis við að söguhetjan er dæmd vegna þess að hún tekur ekki þátt í leiknum. Í þeim skilningi er Meursault útlendingur [*étranger*] í því samfélagi sem hann býr í; hann ráfar um, á jadrinum, í úthverfum einkalífsins, sem er í senn einmanalegt og munúðarfullt.<sup>13</sup>

9 Sama rit, bls. 36.

10 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 172–173.

11 Í smásögunni „Gestinum“ frá árinu 1957 lýsir Camus stöðu Frakka í Alsír nokkuð vel.

12 Albert Camus, *Œuvres complètes*, I, bls. 215.

13 Sama rit, bls. 215.

Hvað felst í því að taka ekki þátt í leiknum? Svareið er einfalt, segir Camus, hann neitar að segja ósatt. Að segja ósatt er ekki einungis að segja það sem ekki er, það er líka, og enn fremur,

að segja meira en það sem er og þegar maðurinn á í hlut, meira en við finnum. Það gerum við öll, alla daga, til að einfalda lífið. Meursault vill ekki einfalda lífið, þótt halda mætti hið gagnstæða. Hann talar hreint út, neitar að fela tilfinningar sínar og umsvifalaust finnst samfélaginu hann ógna sér.<sup>14</sup>

Camus bætir svo við: „Það væri því ekki fjarri lagi að lesa *Útlendinginn* eins og sögu um mann sem án nokkurs hetjuskapar fellst á að deyja fyrir sannleikann.“<sup>15</sup> Sá sannleikur er ekki morðið á arabanum, sem bindur þó enda á hversdagslega tilveru Meursault og líf hans, heldur viðhorf hans til ýmissa þátta tilverunnar.

Þegar Meursault er spurður hvort hann vilji sjá móður sína áður en hún verður jörðuð neitar hann án þess að vita hvers vegna. Þegar Marie spyr hvort hann elski hana segir hann að það hafi enga merkingu og að öllum líkindum elski hann hana ekki; þegar hún spyr hvort hann vilji giftast henni er honum sama. Við réttarhöldin er hann spurður hvort hann sjái eftir því að hafa drepið arabann og hann svarar að honum finnist það frekar leiðinlegt en að hann iðrist þess. Það felst ákveðin kaldhæðni í því að deyja fyrir sannleika af þessu tagi og því er freistandi að leysa upp nafn söguhetjunnar og lesa úr því *meurs sot* ('deyðu heimskur') sem hljómar eins í frönsku. Við það fær Meursault kómískt yfirbragð og þótt fáum stökkvi bros við lestur *Útlendingisins* má hafa í huga orð höfundarins þegar hann var spurður árið 1959 hvort þeim sem fjölluðu um verk hans hefði sést yfir eitthvert þema sem væri mikilvægt í hans augum: „Húmorinn“, svaraði Camus.<sup>16</sup> Í riti sínu *In Search of Authenticity* túlkar Jacob Golomb svar Camus á þann veg að hér eigi höfundur við kaldhæðni eða íroníu og vissulega er nóg af henni í *Útlendingnum*.<sup>17</sup>

14 Sama rit, bls. 215.

15 Sama rit, bls. 216.

16 *Three Interviews*, í Albert Camus, *Lyrical and Critical Essays*, ritstj. Philip Thody, New York: Vintage Books, 1970, bls. 345–365, hér bls. 362.

17 Jacob Golomb, *In Search of Authenticity. From Kierkegaard to Camus*, London og New York: Routledge, 1995, bls. 181.

Hún felst meðal annars í því að í sögunni er fáránleiki dauðarefsingarinnar ekki einungis fólgin í því að morðinginn ætlaði sér alls ekki að drepa mann en gerði það „út af sólinni“,<sup>18</sup> heldur einnig og ekki síður í því að henni er beitt til að refsa Meursault fyrir óviðeigandi framkomu en ekki vegna morðsins þar sem maður af frönskum uppruna hefði ekki verið tekinn af lífi í Alsír á þessum tíma fyrir að drepa araba.<sup>19</sup>

Ritgerðin *Le Mythe de Sisyphe. Essai sur l'absurde* (Sísýfosargod-sögnin) kom út sama ár og *Útlendingurinn* og mynda þau verk, ásamt leikritinu *Caligula*, það sem Camus kallaði „Hring fáránleikans“. Jean-Paul Sartre leit á *Útlendinginn* sem einskonar fagurfræðilega útfærslu á ritgerðinni og sú staða eða tilfinning sem orðið *étranger* lýsir í skáldsögu Camus er iðulega sett í samband við þá mynd af fáránleika mannlegrar tilvistar sem höfundurinn dregur upp í ritgerðinni.<sup>20</sup> Þar líkir Camus manninum og tilvist hans við Sísýfos sem guðirnir dæmdu til að eyða ævinni við að velta steini upp fjallshlíð til þess eins að sjá hann rúlla niður aftur. Sú fánýta iðja, sem byggist á sífelldri endurtekningu tilgangslausra athafna, veldur hinum fáránlega – eða absúrd – manni þó ekki endilega þjáningu eða vansæld; henni fylgir þögul gleði í hinum þögla heimi fáránleikans frá þeirri stundu að Sísýfos lítur ekki lengur á örlög sín sem verk æðri máttarvalda. Þá er hann hafinn yfir örlög sín, sterkari en steinninn.<sup>21</sup> Í nýlegu riti um Camus bendir danski fræðimaðurinn Jørn Boisen á að það sé ekki fyrr en undir lok skáldsögunnar, andspænis dauðanum – og prestinum, fulltrúa framhaldslífsins –, að söguhetjan verður meðvitund um merkingarleysi tilveru sinnar, og lífsins almennt<sup>22</sup>: „Ekkert, ekki neitt skipti máli og ég vissi vel hvers vegna. Hann vissi það líka.“<sup>23</sup> Þessi uppljómun, sem fyllir Meursault ró, kemur lesandanum ekki á óvart því að Meursault hefur, í gegnum söguna alla, sýnt að margir þeir atburðir sem skipta

18 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 195.

19 Sjá t.d. John Foley, *Albert Camus. From the Absurd to Revolt*, Stocksfield: Acumen, 2008, bls. 14–15, 21.

20 Jean-Paul Sartre, „Explication de l'Étranger“, *Situations I, essais critiques*, París, Gallimard, 1947, bls. 99–121. Þessi ritgerð birtist fyrst í *Cahiers du Sud*, février 1943.

21 Albert Camus, *Le mythe de Sisyphe*, bls. 166–167.

22 Jørn Boisen, *Albert Camus. En introduktion*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2005, bls. 63–64.

23 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 229.

flesta máli hafa ekki vægi í hans augum. En þar skilur á milli söguhetjunnar og þeirra sem falið er að fella dóm í máli hans. Þögn heimsins, sem umlykur Meursault í fyrri hluta verksins, rofnar þegar skotin ríða af:

Gikkurinn gaf eftir, ég snerti slípað byssuskeftið og það var þarna, í þessum hvella, ærandi hávaða sem allt byrjaði. Ég hristi af mér svitann og sólina. Ég skildi að ég hafði eyðilagt jafnvægi dagsins, þessa einstöku þögn á strönd þar sem ég hafði verið hamingjusamur. Svo skaut ég fjórum skotum til viðbótar í hreyfingarlausan líkama sem byssukúlurnar hurfu inn í án þess að skilja eftir nokkur ummerki. Og það var eins og ég hefði barið fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar.<sup>24</sup>

Það er freistandi að tengja þessa sólríku þögn, þeirri óræðu þögn sem mætir kalli mannsins í ritgerð Camus um fátánleikann.<sup>25</sup> Eftir skotin fjögur, hinn harmræna og leikræna hápunkt verksins, er skipt um svið og spurningar dynja á morðingjanum.

Í síðari hluta verksins eru þeir atburðir sem Meursault segir sjálfur frá í fyrri hlutanum teknir til endurskoðunar, ekki einungis morðið heldur einnig það sem gerðist á undan: samband Meursault við móður sína og Marie, jarðarförin, bíóferð, kaffibolli og sígaretta. Sögusviðið er lögreglustöðin og réttarsalurinn, þar sem skilin milli þess sem er rétt og rangt eru dregin og refsingin skilgreind sem afleiðing glæps. Það sem enga merkingu hafði í augum Meursault er nú túlkað af nafnlausum fulltrúum réttarkerfisins, og því gefið vægi. Dæmi um það eru athafnir Meursault daginn eftir jarðarför móður hans. Hann fer að synda í sjónum, hefur ástarsamband við fyrrverandi samstarfskonu og horfir svo á gamanmynd með Fernandel. Allt þetta, að ógleymdri jarðarförinni, þar sem Meursault felldi engin tár og fékk sér kaffibolla og sígarettu við kistu móður sinnar, verður honum að falli og hann er dæmdur fyrir að hafa jarðað konuna sem fæddi hann inn í þennan heim með hjarta glæpamanns.

Ekki eru þó allir ánægðir með túlkun réttarkerfisins á atburðunum sem um ræðir; Marie grætur eftir vitnisburð sinn og heldur því

24 Sama rit, bls. 118–119.

25 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe*, bls. 46.



fram að saksóknarinn láti hana segja andstæðu þess sem henni býr í brjósti.<sup>26</sup> Lögmaður Meursault virðist heldur ekki átta sig á samhengi hlutanna því að hann spyr:

„Hvernig er þetta, er hann sakaður um að hafa jarðað móður sína eða drepið mann?“ Áheyrendur hlógu. En saksóknarinn stóð upp, sveipaður skikkjunni, og sagði að það þyrfti einfeldni hæstvirts verjanda til að átta sig ekki á því að það væru djúpstæð, átakanleg og afar mikilvæg tengsl á milli þessara tveggja atburða.<sup>27</sup>

En það er fleira en framkoma Meursault sem gerir hann að „útlendingi“ í verkinu. Í umfjöllun sinni frá 1943 um *Útlendinginn* benti Maurice Blanchot á óvenjulega notkun Camus á frásögn í fyrstu persónu.<sup>28</sup> Sú frásagnartækni er almennt notuð í þeim tilgangi að láta sögumann tjá hugsanir sínar „innan frá“ og lesandinn sér þannig atburðarásina út frá hans sjónarhorni. Dæmi um það eru rit af sjálfsvævisögulegum toga, svo sem *Játningar* heilags Ágústínusar og *Essais* (Tilraunir) Michels de Montaigne, en allt frá 17. öld var þessi leið einnig farin í skáldverkum með það fyrir augum meðal annars að gera þau trúverðugri og/eða áhrifameiri. Frásögn Meursault í fyrri hluta verksins gerir lesendum þó ekki kleift að kynnast sögupersónunni að neinu ráði, þvert á móti stuðlar hún að því að auka fjarlægðina milli lesandans og söguhetjunnar vegna þess að sú huglægni sem frásagnartæknin kallar á er ekki til staðar. Þetta benti Henri Hell á sama ár og skáldsagan kom út: „Einfaldlega frásögn af atburðum [...] Frásögnin samanstendur af gjörðum og atburðum sem bætast hver við annan, rétt eins og þeir radast upp í lífinu.“<sup>29</sup> Þótt atburðirnir myndi þannig röð eða atburðarás er ekki þar með sagt að hún sé merkingarbær í þeim skilningi að eitt leiði af öðru. „Hið fáránlega er fyrst og fremst rof“ skrifaði Camus í *Le Mythe de Sisyphe*.<sup>30</sup> Hann undirstrikar enn frekar þetta einkenni verksins með því að nota samsetta þátíð sem skilur atburðinn sem sögnin stendur

26 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 179.

27 Sama rit, bls. 183.

28 Maurice Blanchot, „Le roman de l'Étranger“, *Faux pas*, Paris: Gallimard, 1943, bls. 248–253.

29 Henri Hell, *Fontaine*, n°23, juillet–septembre 1942, bls. 353–355 (D.R.).

30 Albert Camus, *Le Mythe de Sisyphe*, bls. 50 (l'absurde est essentiellement un divorce).

fyrir eftir í einskönar tímalegu tómarúmi nútíðarinnar en ekki í þeirri hefðbundnu og skipulegu atburðarás sem einfalda þátíðin skapar og við eigum að venjast í hefðbundinni frásögn.<sup>31</sup> Á sama hátt eru setningarnar flestar stuttar; höfundurinn notar ekki tengingar til að setja atburðina upp sem orsök og afleiðingu heldur er þeim stillt upp, hlið við hlið.<sup>32</sup> Meursault er því maður án framtíðar og fortíðar. Í grein sinni um *Útlendinginn* líkti Jean-Paul Sartre stíl Camus í verkinu við hinn „ameríska“ stíl Hemingways.<sup>33</sup> Óvenjuleg frásagnartækni Camus endurspeglar þannig upplifun Meursault á umheiminum og um leið heldur hún lesandanum í fjarlægð frá söguhetjunni og atburðum verksins og gerir hann að „útlendingi“ innan þess.

#### IV

Í ofanefndri grein sinni um *Útlendinginn* dró Sartre í efa að Camus hefði skilið suma þá heimspekinga sem hann fjallar um í *Le Mythe de Sisyphe*, svo sem Jaspers, Heidegger og Kierkegaard. Hvort sem það er rétt eða ekki þá leit Camus fyrst og fremst á sig sem rithöfund en ekki heimspeking og hélt því fram í upphafi ferils síns að „skáldsaga væri aldrei neitt annað en heimspeki í myndum“.<sup>34</sup> Skáldsaga hans vakti mikla athygli og þótti nýstárleg þegar hún kom út þótt ýmislegt væri fengið að láni, til dæmis „ameríska“ stíllinn og viðfangsefnið, það er tengsl mannsins við sjálfan sig og umhverfi sitt sem Sartre sjálfur fjallar um á nokkuð ólíkan hátt í skáldsögunni *La Nausée* sem kom út 1938. Camus skrifaði reyndar um það verk í *Alger Républicain* þegar það kom út og fannst „kenningarnar bera lífið ofurliði“.<sup>35</sup> Þess má geta að nokkrum árum síðar sendi Sartre frá sér ritgerðina *Qu'est-ce que la littérature ?* þar sem hann fjallaði einkum um afstöðubókmenntir og dró ekki dul á

31 Þetta stílblagð fer forgörðum í þýðingu.

32 Þetta minnir um margt á heimspekisögur Voltaires, t.d. *Birting* eða *Zadig*. Í þeirri síðarnefndu veltir söguhetjan einmitt mikið fyrir sér samhengi hluta, orsök og afleiðingu.

33 Jean-Paul Sartre, „Explication de *l'Étranger*“.

34 Albert Camus „*La Nausée*, par Jean-Paul Sartre“, í „Le Salon de Lecture“, *Alger républicain*, (20 octobre 1938), Albert Camus, *Œuvres complètes*, I, bls. 794–796, hér bls. 794.

35 Sama rit, bls. 794.

þá skoðun sína að fagurfræði bókmenntaverks skipti minna máli en viðfangsefni þess.<sup>36</sup>

Camus var ekki fyrstur manna til að fjalla um samfélagið með því að setja „útlending“ á svið innan skáldverks. Útlendingum bregður víða fyrir í skáldsögum fyrri alda og er nýlegt rit um minni eða stef (e. *topos*) helgað útlendingum í bókmenntum og eru þeir af ýmsu tagi.<sup>37</sup> Þeir hafa gjarnan það hlutverk að draga fram sérkenni – kosti og galla – hins óþekkta og framandi umhverfis sem þeir eru í eða koma úr. Útlendingurinn er sá sem er öðruvísi, sá sem spyr, sá sem er spurður og útlendingar eru einnig á ferð í tungumálinu, því að sá sem ekki talar sitt móðurmál er útlendingur í því erlenda tungumáli sem hann tjáir sig á.<sup>38</sup> Útlendi maðurinn (ffr. *hum estrange*) og staða hans eru viðfangsefni ljóðsögu Marie de France, *Lai de Lanval (Janval)* sem skrifaði á engilnormönnsku á síðari hluta 12. aldar. Í því kvæði er Lanval riddari við hirð Artúrs konungs. Þegar konungur launar riddurum hollustu þeirra fær Lanval ekki neitt, honum til mikillar skapraunar:

Seignurs, ne vus esmerveillez :  
 Hum estrange, descunseillez  
 Mut est dolenz en autre tere,  
 Quant il ne seit u sucurs quere.<sup>39</sup>

Eina skýringin á gleymsku konungs er sú að Lanval er útlenskur maður sem enginn tekur upp hanskan fyrir. Marie de France fer óvægnum orðum um óréttlátan og skapmikinn konung og hlífir heldur ekki drottningu hans sem er ótrú, afbrýðisöm og meinfýsin. Lanval er dreginn fyrir dóm fyrir ósannsögli en á endanum fer það

36 Ritgerðin birtist í Jean-Paul Sartre, *Situations*, II, París: Gallimard, 1947. Brot úr henni má lesa í íslenskrí þýðingu Gunnars Harðarsonar: Jean-Paul Sartre, „Hversvegna að skrifa?“, *Ritið* 3/2010, bls. 151–170.

37 *Étrange topos étranger: actes du XVIe colloque de la SATOR*, ritstj. Max Vernet, Québec: Presses de l'Université Laval, 2006.

38 Sjá til dæmis grein Irmu Erlingsdóttur, „Tungumál útleðar – um skrif alsírka rithöfundarins Assiu Djebar“, *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Fimmbogadóttur í erlendum tungumálum* 2010, bls. 71–89; Julia Kristeva, *Étrangers à nous-mêmes*, París: Gallimard, 1991.

39 Marie de France, *Lai de Lanval*, í *Les Laís de Marie de France*, útg. Jean Rychner, París: Honoré Champion, 1983, bls. 73, ljóðlínur 35–38. („Herrar mínir, ykkur skal ekki undra að útlendum manni, ráðalausum, líði afar illa á erlendri grund þegar hann veit ekki hvar hjálp er að finna.“) *Le Lai de Lanvals* ber heitið *Janval* í *Strengleikum* sem Aðalheiður Guðmundsdóttir gaf út hjá Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands árið 2006.

svo að hann er sýknaður; hann kveður hirðina og heldur til eyjunnar Avalon og hefur ekki spurst til hans síðan.

Ferðasögur voru vinsælar á upplýsingaöldinni. Voltaire gerði afstæði allra hluta að umfjöllunarefni heimspekisögu sinnar *Mikró-megas* þar sem samnefnd söguhetja frá Síríusi flakkar um himingeiminn, heilsar upp á jarðarbúa og furðar sig á smæð þeirra.<sup>40</sup> Útlendingur er einnig á ferð í hinni frægu skáldsögu Jonathans Swift, *Travels into Several Remote Nations of the World*, betur þekkt sem *Gulliver's Travels* eða *Ferðir Gúllivers* þar sem höfundurinn skopast að ferðasögum, sem voru í tísku á þeim tíma en dregur um leið fram ýmsa vankanta á ensku þjóðfélagi. Í *Les Lettres persanes* lætur Montesquieu tvo Persa segja frá frönsku samfélagi í bréfum sínum til heimalandsins. Hinn óspillti hrekkleysingi L'Ingénu, „sem segir í einfeldni allt sem hann hugsar og gerir að sama skapi allt sem hann langar til“, er aðalpersóna samnefndrar heimspekisögu eftir Voltaire<sup>41</sup>. Eins og oft í sögum Voltaires endurspeglar nafn söguhetjunnar persónueinkenni hennar og eiginleika. L'Ingénu kemur til Brittaníu-skagans frá Kanada og er í upphafi verksins fáfróður um gang mála í nýju landi. Höfundurinn gagnrýnir valdhafa, veraldlega og trúarlega, í þessari stuttu þroska- og ástarsögu þar sem aðalpersónan lærir fljótt af biturri reynslu.

Meursault á lítið sameiginlegt með þessum „útlendingum“ enda er verk Camus ekki ferðasaga og Meursault ekki ferðalangur í framandi landi, í bókstaflegri merkingu þessara orða. Í *Útlendingnum* er þó líka að finna ádeilu á þjóðfélagið, ekki síst réttarkerfið. Frá 1938–1940 skrifaði höfundurinn pistla í dagblaðið *Alger Républicain* og síðar *Le Soir républicain* og fylgdist grannt með spillingu í efnahagslífinu og í dómskerfinu.<sup>42</sup> Í þá reynslu sótti hann innblástur við ritun *Útlendingins* þar sem hann notar einmitt réttarhöldin til að gagnrýna réttarkerfið, dauðarefsinguna og viðbrögð samfélagsins gagnvart einstaklingi sem hagar sér öðruvísi en við er búist.<sup>43</sup> Í

40 Sagan um Mikró-megas kom fyrst út árið 1752. Hún birtist í íslenskri þýðingu Gróu Sigurðardóttur í *Ritinu* 3/2010, bls. 171–187.

41 Voltaire, *Romans et contes*, útg. René Pomeau, París: GF Flammarion, 1966, bls. 325.

42 Sjá til dæmis umfjöllun hans um mál Michels Hodent í Albert Camus, *Œuvres complètes*, 1. bindi, bls. 611–631.

43 Dauðarefsingin var Camus hugleikin, sjá til dæmis ritgerð hans „Réflexions sur la guillotine“ í Albert Camus, *Œuvres complètes*, París: Gallimard, 2008, 4. bindi, bls. 125–167.

frönsku riddarasögunni *Perceval eða Sagan um gralinn* eftir Chrétien de Troyes bregður fyrir eftirminnilegri sögupersónu sem forvitnilegt er að skoða nánar í þessu samhengi. Halda mætti að skáldsaga Camus ætti fátt sameiginlegt með verki þar sem dregin er upp brosleg mynd af riddurum í flóknum texta í bundnu máli frá lokum 12. aldar.<sup>44</sup> Chrétien gerir sorglegar afleiðingar ofbeldis oftar en einu sinni að umfjöllunarefni í þessu verki og einum 850 árum á undan höfundu *Útlendingins* setur hann á svið sögupersónu sem hagar sér ekki samkvæmt viðteknum venjum samfélagsins og lendir í ógöngum af þeim sökum. Rétt eins og skrifstofumaðurinn í Algeirsborg er Perceval sögupersóna sem lætur stjórnast af löngunum sínum. En eins og við er að búast er hann að mörgu leyti andstæða Meursault.

Ljóðsaga Chrétiens er frægust fyrir það að fjalla um gralinn, skálina eða fatið fagra í höllu Fiskikonungins, sem átti eftir að fódra fjölda verka og verða höfundum ríkulegur innblástur fram til dagsins í dag. Verkið skiptist í tvo hluta og er sá fyrri helgaður Perceval en sá síðari Gauvain. Í þeim fyrri setur Chrétien á svið nafnlausan pilt sem alist hefur upp hjá móður sinni og er fáfróður um flesta þá hluti sem ungir menn á hans reki ættu að vita. Hann er því fávís og hlægilegur í augum annarra. Perceval hefur varið æsku sinni í Eyðiskóginum, fjarri umheiminum. Hann veit ekki hverra manna hann er og heldur ekki hvað hann heitir fyrir en langt er liðið á söguna. Hann hefur ekkert lært um riddaramennsku, kurteisi, ást eða trú og er „óviti“ í þeim heimi sem umlykur hann. Hann er kjánalegur, (fr. *trop soz*), og fávís (fr. *nice*, úr latínu *nescio*, ‘ég veit ekki’). Kjánagangur og klaufaskapur einkenna samskipti Percevals við þá sem á vegi hans verða: ungar stúlkur, riddara, Artúr konung, Fiskikonunginn og móður sína.

Samband Percevals við umheiminn er því oft og tíðum kómískt og honum verða á ýmis mistök, misalvarleg. Þögn bernskunnar lýkur í ærandi hávaða þegar hávært glamur í vopnum fimm riddara vekur forvitni hans á nánast öllu sem fyrir ber. Hann hafði aldrei séð vopn af þessu tagi og enn síður riddara í herklæðum. Spurningar hrjóta hver á fætur annarri af vörum piltsins sem spyr hvað vopnin

44 Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

og herklæðin heiti og til hvers þau séu. Í ljós kemur að móðirin hélt honum vísvitandi frá öllu sem tengist riddaramennsku enda hafði hún óbeit á þeim starfa þar eð eiginmaður hennar og tveir synir féllu fyrir vopnum. Hún leggur honum þó lífsreglurnar áður en hann kveður, undirstrikar mikilvægi þess að spyrja fólk nafns, „því að af nafninu þekkir maður manninn“. <sup>45</sup> Þótt Perceval mistúlki mörg af ráðum móður sinnar minnst hann hennar oft í orðum sínum, svo oft að riddari sem kennir honum vopnaburð ráðleggur honum að hætta að vitna í hana, annars muni fólk halda að hann sé fífl; hann segir honum einnig að forðast að vera of málgláður. <sup>46</sup> Enn mistúlkar Perceval það sem honum er sagt, og þegir svo lengi á næsta áfangastað að fólk heldur að hann sé mállaus og á þeim næsta þegir hann líka eins og steinn, þrátt fyrir brennandi forvitni, þegar undurfagran gral og blæðandi spjót ber fyrir augu hans í kastala Fiskikonungsins. Það eru alvarleg mistök sem reynast honum dýrkeypt. Næsta dag er hann spurður nafns og svarar rétt þótt hann hafi fram að því ekki vitað hvert nafn hans var. Stuttu síðar gleymir hann svo Guði og þannig líða fimm ár í þrotlausri riddaramennsku. Á föstudaginn langa hittir hann svo einsetumann sem segir honum frá gralnum en hvíslar líka að riddaranum nöfnum Guðs sem hann getur gripið til ef lífið liggur við. Á 12. öld voru menntamenn ekki á eitt sáttir um tengsl orða við það sem þau stóðu fyrir og endurspegluðust þær deilur í orðaskiptum um nafnhyggju og hluthyggju. Vel má vera að Chrétien hafi kynnst þeim deilum þótt hann taki ekki skýra afstöðu til ólíkra sjónarmiða í verki sínu. Það má þó ef til vill heyra óminn af þeim í nafnaleitinni og sambandi nafns og notkunar sem fylgir Perceval í gegnum þann hluta verksins sem fjallar um hann.

Meursault og Perceval eru báðir „útlendingar“, hvor á sinn hátt. En það er ýmislegt fleira sem þeir eiga sameiginlegt. Báðir alast þeir upp án föður, hjá þögulli móður; Perceval yfirgefur móður sína til að gerast riddari, Meursault setur sína móður á elliheimili vegna þess að henni leiddist heima. Þótt Meursault viti ekki hvað móðir hans var gömul og hafi sjaldan heimsótt hana kallar hann hana

---

45 Sama rit, bls. 56.

46 Sama rit, bls. 81–82.

mömmu, (fr. *maman*), en ekki móður, (fr. *mère*), þegar hann talar um hana eins og búast má við af fullorðnum manni. Þetta bendir til náins sambands sonar við móður sína. Konur verða á vegi þeirra beggja en þó eru hvorki Meursault né Perceval spenntir fyrir hjónabandinu. Meursault er sama, Perceval slær því á frest af því að hann vill fyrst finna móður sína. Báðir verða þeir vitni að illri meðferð á konum og báðir drepa þeir mann. Það kemur ekki á óvart að riddari verði manni að bana og oftast eru þeir fleiri en einn. Perceval drepur aðeins einu sinni í *Sögunni um gralinn*, það er hans fyrsti sigur. Hann kastar gaflaki sínu í auga Rauða riddarans og verður sér þannig úti um herklæði og vopn. Frásögnin er broslæg og morðið hefur ekki afleiðingar fyrir Perceval aðrar en þær að nú er hann klár í slaginn. Meursault beitir vopni sem hann á ekki, þjakaður af sól og svita sem rennur eins og salt tjald yfir augu hans. Skömmu áður hafði arabinn dregið hníf upp úr vasa sínum, birtan skvettist af stálinu og hæfði Meursault í ennið „eins og langt, leiftrandi hnífsblað“.<sup>47</sup>

Þögnin er annað stef sem setur svip sinn á verkin tvö. Móðir Meursault er þögul. Hann eyðileggur þögnina á ströndinni þegar hann hleypir af og ber „fjögur þétt högg á dyr ógæfunnar“.<sup>48</sup> Við réttarhöldin segir lögmaður Meursault honum að þegja, það sé betra fyrir hann. Nokkur síðar, til að undirstrika sekt hans, lýsir saksóknarinn því yfir að Meursault sé gáfaður og skilji vægi orðanna.<sup>49</sup> Hissa og ringlaður segir Meursault þá að hann hafi ekki ætlað sér að drepa arabann og að það hafi verið „út af sólinni. Það heyrðust hlátrasköll í salnum.“<sup>50</sup> Þögn og leynd hvíla yfir uppruna Percevals í bernsku. Sú þögn rofnar þegar riddararnir koma ríðandi gegnum skóginn. Svo mikið verður piltinum um að sjá riddarana fimm að hann heldur að þetta sé Guð: „Ert þú Guð?“ spyr hann einn riddaranna umbúðalaust.<sup>51</sup> Honum er síðar ráðlagt að draga úr orðaflauminum; hann gætir orða sinna svo vel eftir það að á örlaga-stundu þegir hann þunnu hljóði.

47 Albert Camus, *Útlendingurinn. L'Étranger*, bls. 119.

48 Sama rit, bls. 119.

49 Sama rit, bls. 191.

50 Sama rit, bls. 195.

51 Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um gralinn*, bls. 47.

„Mamma dó í dag. Eða var það kannski í gær“ eru hin frægu upphafsorð *Útlendingins*. Móðir Percevals deyr úr sorg í byrjun sögunnar þegar hann kveður hana til að gerast riddari. Í því kristilega samhengi sem einkennir *Söguna um gralinn* er það syndin sem olli því að Perceval spurði ekki spurninganna tveggja sem búist var við í kastala Fiskikonungsins, syndin sem fólst í því að yfirgefa móðurina og skeyta ekki um sorg hennar þegar hún hné niður. Í lok þess hluta verksins sem fjallar um Perceval iðrast hann synda sinna hjá einsetumanninum um páskahátíðina, lærir bænir og nöfn Guðs og sálu hans er borgið. Meursault grét ekki við kistu móður sinnar, drakk kaffi og reykti, og fyrir það er hann dæmdur. Hann hittir prest í fangelsinu en neitar að bera synd, trú á Guð og sjá andlit hans í steinum fangaklefans. Þar sér Meursault ekki neitt. Hann öskrar af bræði að ekkert skipti máli og hellir sér yfir prestinn. Í kjölfarið finnur hann djúpa ró og er tilbúinn að lifa allt aftur.

## V

Frá *Útlendingnum* – og til hans – liggja fjölmargir þræðir, í ólíkar áttir og til ólíkra tímabila og menningarstrauma. Það sést glögglega af samanburði við ýmis verk og höfunda – *Réttarhöldin* eftir Kafka, gríska harmleiki, Racine, heimspekisögur Voltaires, Dos Pasos, Hemingway, *Söguna um gralinn* og svo mætti lengi telja. Albert Camus las mikið sem ungur maður eins og kemur fram í ævisögum sem um hann hafa verið ritaðar. Hvort hann þekkti *Söguna um gralinn* er óvíst. Í verki sínu *After Babel* skilgreinir George Steiner menningu sem röð eða runu þýðinga og aðlagana á „föstum“,<sup>52</sup> sumar hverjar meðvitaðar, aðrar ekki. Það er forvitnilegt að lesa *Útlendinginn* og *Söguna um gralinn* hlið við hlið og sjá að Albert Camus og Chrétien de Troyes fjölluðu um samband einstaklingsins við umheiminn og sig sjálfan á ekki óskyldan hátt þótt hann birtist sem „útlendingur“ í öðru tilvikinu en „óviti“ eða *nice* – í upprunalegri merkingu þess orðs – í hinu. Viðfangsefnið er þó viðameira en svo

52 „Defined ‘topologically’, a culture is a sequence of translations and transformations of constants“; George Steiner, *After Babel. Aspects of language and translation*, Oxford: Oxford University Press, 2. útgáfa, 1992, bls. 449.



að hægt sé að gera því fullnægjandi skil hér. Saga Chrétiens er frá þeim tíma þegar miðaldaskáldsagan var að fæðast og höfundar fundu upp frásagnartæknina um leið og þeir skrifuðu. Sumir þeirra höfðu skólast við þýðingar af ýmsu tagi. Margt þykir nútímalesendum klaufalegt í þessum fornu ritum þar sem sögumaður á það til að stökkva úr einu í annað og missa einn og einn þráð í leiðinni. Chrétien var þó ekki síður meðvitaður um starf sitt en seinni tíma höfundar og lagði áherslu á byggingu og merkingu (ffr. *sen*) verka sinna. Það er þó aðeins í *Sögunni um gralinn* að leit riddarans hverfist um merkingu sem lesandinn leitar reyndar að líka, ekki síst vegna þess að sagan hættir í miðjum klíðum. Meursault er hetja fáránleikans í þöglum heimi. Þegar „dyr ógæfunnar“ ljúkast upp verður hann „útlendingur“ og gerðir hans túlkaðar og gæddar merkingu sem er ef til vill ekki sú rétta. Hann spyr sig ótal sinnum hvort hann eigi möguleika á því að sleppa lifandi frá fallöxinni, gangvirkinu, en kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki enda sleppi enginn undan henni. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að Meursault sé hamingjusamur og skynji fegurð heimsins. Það er eitt af því sem gerir hinn skeytingarlausu útlending að jafn viðkunnanlegri sögupersónu og hinn fávísa og forvitna Perceval.

## ÚTDRÁTTUR

Skáldsagan *Útlendingurinn* kom út í París árið 1942 og var hún fyrsta útgefna skáldsaga Alberts Camus. Þar segir frá lífi skrifstofumannsins Meursault og þeirri atburðarás sem leiðir til þess að hann drepur mann án þess að hafa ætlað sér það. Í lok verksins situr söguhetjan í fangaklefa sínum, bíður aftöku og lýsir því yfir að ekkert skipti máli. Afstaða Meursault til lífsins gerir hann að „útlendingi“ í augum flestra annarra sögupersóna verksins og fyrir það er hann dæmdur til dauða. Í greininni er leitast við að draga fram hvað felst í því að vera „útlendingur“ í sögu Camus og bent á tengsl hennar við önnur skáldverk og „útlendinga“. Einkum er staldrað við samanburð á *Útlendingnum* og *Sögunni um gralinn* eftir Chrétien de Troyes og bent á hliðstæður í verkunum tveimur.

*Lykilorð:* Albert Camus, *Útlendingurinn*, Chrétien de Troyes, *Perceval eða Sagan um Gralinn*, útlendingur

## ABSTRACT

**A stranger and a *nice***  
*The Stranger* by Albert Camus and  
*The Story of the Grail* by Chrétien de Troyes

Published in Paris in 1942, *The Stranger* was Albert Camus' first published novel. It tells the story of the office employee Meursault and retraces the events that lead him to commit unpremeditated murder. Awaiting execution at the end of the story, Meursault declares that nothing is of any importance. His attitude toward life makes him a "stranger" in the eyes of most other characters in the story and he is condemned to death not for murder but for his behaviour. This article focuses on what being a "stranger" means in Camus' novel and on the novel's relation to other fictive stories and "strangers", mainly to Chrétien de Troyes' *Perceval, or the Story of the Grail*.

*Keywords:* Albert Camus, *The Stranger/The Outsider*, Chrétien de Troyes, *Perceval or The Story of the Grail*, outsider/stranger